



**SAMORKA**  
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Alþingi  
Erindi nr. Þ 135/168/  
komudagur 5.3.2008

Nefndasvið Alþingis  
b.t. umhverfisnefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

5. mars 2008

**Efni: umsögn um tillögu til þingsályktunar um lagningu raflína í jörð, 315. mál**

Samkvæmt ályktuninni verður ríkisstjórn Íslands falið að skipa nefnd er móti stefnu um hvernig leggja megi á næstu árum og áratugum raflínur í jörð sem nú eru ofan jarðar.

Á þessu máli eru ýmsar hliðar, einkum er varða umhverfisþætti, kostnað, afhendingaröryggi raforku og spurningar um forgangsörðun. Flestra þessara atriða er getið í stuttri en ágætri greinargerð með tillögum. Aðalfundur Samorku árið 2008 var haldinn 15. febrúar. Í ályktun fundarins segir meðal annars:

**Loftlínur, jarðstrengir og öflugra flutningskerfi**

Mikil umræða hefur farið fram um jarðstrengi og loftlínur til flutnings og dreifingar á raforku. Fyrir flutningsminni mannvirki er kostnaður strengja sambærilegur við loftlínur. Á undanförunum árum hafa orkufyrirtækin nýtt sér þetta við uppbyggingu og endurnýjun kerfanna og valið jarðstrengi í stað loftlína. Miðað við þessa þróun er líklegt að hlutfall strengja vaxi mjög í framtíðinni eftir því sem kostnaður vegna þeirra lækkar. Hins vegar er kostnaður við flutningsmeiri jarðstrengi ennþá mikill, jafnvel margfalt meiri en kostnaður við loftlínur, auk þess sem afhendingaröryggið er minna. Þá geta framkvæmdir við lagningu jarðstrengja kallað á mun meira jarðrask en framkvæmdir við loftlínur, sem að auki hafa að stóru leyti afturkræf umhverfisáhrif. Hvergi í heiminum hefur verið farið út á þá braut að leggja flutningskerfi alfarið í jörð, enda viðbúið að slík framkvæmd hefði í för með sér verulega hækkun raforkuverðs. Víða um land er hins vegar brýn þörf á eflingu flutningskerfisins og ljóst að efling kerfisins er forgangsatríði, umfram margfalt dýrari framkvæmdir við færslu á loftlínur í jörð.

Líkt og fyrr segir eru sem sagt ýmsar hliðar á þessu máli. Samorka tekur að sjálfsögðu jákvætt í þá tillögu að skipuð verði nefnd til að fjalla um ofangreinda stefnumótun, enda snertir hún ýmis mikilvæg úrlausnarefni. Samtökin lýsa sig jafnframt reiðubúin til samstarfs um þetta verkefni, en tillagan gerir einmitt ráð fyrir aðild þeirra að umræddu nefndarstarfi. Að öðru leyti vísast hér í umsagnir aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason  
aðstoðarframkvæmdastjóri